



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu þriðjudaginn 29.10.2014 kl. 17:15

Mættir: Sigurður Bjarnason (SB), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ), Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir. Einnig sat fundinn Jóhannes Egilsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina. Viðar Erlingsson og Jóhann Steinar Ingimundarson boðuðu forföll.

Fundargerð

Varaformaður, Sigurður Bjarnason, setti fund og stýrði.

1. Fundargerð síðasta fundar
 - Fundargerð aðalstjórnarfundar frá 30. September var lögð fyrir og samþykkt.
2. Fjárhags- og endurskipulagningarnefnd kynnti niðurstöður nefndarinnar.
 - Eymundur Sveinn Einarsson, Ingvar Ragnarsson og Sigurhjörtur Sigfússon kynntu niðurstöðu úttektar sinnar á fjármálum félagsins, hvað var vel gert og hvað má betur fara. Nefndin lagði fram skýrslu sem tekur á þeirra vinnu.
 - Aðalstjórn þakkar nefndinni fyrir góða og faglega vinnu.
 - Framkvæmdastjóra var falið að koma aðgerðaplan á næsta aðalstjórnarfund sem byggir á tillögum nefndarinnar.
 - Sem þakklætisvott fyrir vel unnin stöf býður félagið nefndinni á n.k. Þorablót Stjörnunnar .
3. 9 mánaða uppgjör
 - Framkvæmdastjóri lagði fram drög að 9 mánaða uppgjóri.
 - Deildir félagsins höfðu fengið upplýsingar um uppgjórið deginum áður og ekki haft tækifæri til að koma með ábendingar og leiðréttingar.
4. Endurskoðun áætlana
 - Mfl. karla í knattspyrnu – lögð fram endurskoðuð áætlun fyrir árið 2014.
 - Áætlun deildarinnar var samþykkt.
 - Mfl. karla í körfuknattleik – lögð fram endurskoðuð áætlun
 - Áætlunin sýnir bæði töluverða kostnaðarlækkun og tekjuhækkun á árinu og gert er ráð fyrir um kr. 700.000 hagnaði í lok árs.
 - Gerð var athugasemd og bent á að m.v. fyrirbyggjandi áætlun mun taka lengri tíma en samið var um að greiða aðalstjórn til baka það tap sem var á deildinni í lok árs 2013.
 - Lagt var til að það verði haft í huga við áætlunarvinnu 2015.
 - Endurskoðuð áætlun 2014 var samþykkt.
5. Evrópuuppgjör
 - Lagt var fram uppgjör mfl. karla í knattspyrnu vegna þátttöku liðsins í Evrópu deildinni í sumar.



6. Ný tillaga að stjórn körfuknattleiksdeildar var lögð fram til samþykktar

- | | |
|-----------------------------|-------------------|
| • Hilmar Júlíusson | Formaður |
| Bragi H Magnússon | Varaformaður |
| Hlynur Rúnarsson | Gjaldkeri |
| Anna Margrét Halldórsdóttir | Ritari |
| Eyjólfur Örn Jónsson | Fulltr bogu |
| Karen Sigurðardóttir | Form mfl ráðs kvk |
| annes Árnason | Meðstj |
| Gunnar Valdimarsson | Meðstj |

Aðalstjórn samþykkti tillögu að nýrri stjórn og býður nýja stjórnarmenn velkomna til starfa. Aðalstjórn vill einnig þakka Vilborgu Grétarsdóttur og Ármanni Einarssyni fyrir störf sín í þágu körfuknattleiksdeildarinnar.

7. Áætlun 2015

- Gerð var grein fyrir stöðu áætlunarvinnu fyrir árið 2015.
- Forsvarsmönnum deilda hefur verið sent skjal með rauntölum ársins 2014 og útgönguspá og eru deildirnar hvattar til að fara ofan í og hafa skoðun á ákveðnum þáttum í áætluninni.
 - Deildirnar hafa svigrúm til 17. nóvember til að bregðast við og hafa áhrif á áætlun deildarinnar.

8. Innáhlaup í Evrópu deildinni

- Lúðvík Örn Steinarsson lögmaður hefur fengið umboð Stjórnunnar til þess að koma fram fyrir hönd félagsins hvort sem er gagnvart lögreglu, dómstólum eða öðru sem snýr að þessu innáhlaupi.
- Lúðvík Örn hefur lagt fram ákæru til lögreglu.
- Lúðvík og rekstrarstjóri knattspyrnudeildar meta næstu skref.
- Lúðvík og rekstrarstjóri munu gefa út fréttatilkynningu þegar næstu skref hafa verið ákveðin.
 - Lögð var áhersla á að fréttatilkynning berist framkvæmdastjóra áður en hún er birt opinberlega.

9. Staða samnings við Garðabæ

- Framkvæmdastjóri kynnti stöðu erindis Stjórnunnar vegna endurnýjunar á samstarfssamningi.
 - Búið er að leggja fram tillögu að fjárhagsáætlun sem bæjarráð hefur samþykkt að vísa til fyrri umræðu í bæjarstjórn. Tillagan sem unnin er af skrifstofu bæjarins er byggð á rauntölum ársins 2014. Fyrir næstu umræðu verður pólitíkin búin að ræða einstaka þætti og þ.m.t. erindi Stjórnunnar.



10. Staða á búningamálum

- Framkvæmdastjóri kynnti stöðu búningamála og leiðrétti einnig villur sem voru í þeirri vinnu sem hann kynnti á fyrri aðalstjórnarfundum
 - Ákveðið var að halda áfram með verkefnið og útbúa þarfalista fyrir allar deildir

11. Erindi frá blakdeild

- Lagt var fram erindi frá blakdeild Stjörnunnar þar sem deildin óskar eftir að fá aðkomu að útfærslu og framkvæmd á uppbyggingu strandblaksvalla ef bæjarstjórn Garðabæjar ákveður að fara í slíkar framkvæmdir.
 - Erindið var samþykkt með breytingum.

12. Skýrsla framkvæmdastjóra

- Framkvæmdastjóri kynnti skýrslu úr Nóra, stöðu æfingagjalda, hlutfall kynja, og búsetu iðkenda hjá Stjörnunni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:45. Ritað J.Egils